



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð

Málefni lyftingadeildar Ármanns

Vegna erindis Glímufélagsins Ármanns dags. 10. maí 2022 sem lagt var fram á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs 22. ágúst 2022 og vísað var til umsagnar ÍBR og ÍTR er staðan þessi í dag:

- Til lengri tíma litið er rétt að skoða alla möguleika við hönnun og framkvæmdir við ný mannvirki eins og Laugardalslaug, Þjóðarhöll og í íþróttamannvirkjum í Vogabyggð hvort ekki sé hægt að koma á líkri aðstöðu fyrir til frambúðar í þessum mannvirkjum.
- Vegna aðstöðunnar í Laugardalslaug í dag mun félagið kanna á næstunni möguleika á að koma lyftingadeildinni fyrir í öðru húsnæði til næstu ára.
- Félagið mun gera MÍT og ÍBR grein fyrir þeirri vinnu á næstu vikum.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.



GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

Reykjavík, 10.maí 2022

Til: Menningar-íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur

Efni: Málefni lyftingadeilda Ármanns

Eins og kom fram í bréfi dagsettu 27.apríl 2022 er staða beggja lyftingadeilda Ármanns ekki boðleg. Deildirnar hafa verið í bráðabirgðaaðstöðu í lagnagangi Laugardalslaugar í rúm 7.ár og átti alltaf að leita leiða til að koma deildunum í góða varanlega aðstöðu en það hefur dregist mjög á langinn. Bæði er aðstaðan ekki boðleg og hefur ítrekað flætt vatn um salinn með tilheyrandi tjóni á gólfefnum og lyftingabúnaði. Nú er komið að þeim tímamarki í aðstöðumálum deildanna, að finna þarf bráðabirgða aðstöðu sem uppfyllir lágmarkskröfur til æfinga þangað til framtíðarhúsnæði finnst. Þar sem miklar breytingar eru framundan á næstu árum, í aðstöðumálum Ármanns þá er hægt að setja fram nokkrar hugmyndir að lausn.

- Innan þriggja ára á að byggja skóla- og íþróttaaðstöðu fyrir fyrsta hluta Vogabyggðar og má þar hugsa lyftinga- og keppnisaðstöðu fyrir lyftingadeildir Ármanns auk þrekaðstöðu annarra deilda Ármanns. Þetta yrði fyrsta val okkar ármenna vegna þessa að við erum að reyna að sameina félagið á einu stað og viljum byggja upp félagið í Voga- og Höfðabyggð.
- Nú standa fyrir dyrum miklar endurbætur á Laugardalslauginni og eru þar tveir kostir í boði til að bæta aðstöðumál deildanna. Þar sem á að fara í endurbætur á stúkunnni þá mætti byggja lyftinga- og keppnisaðstöðu deildanna undir núverandi stúku. Þá má samnýta búningaáðstöðu, sturtur og annað með þeim sal.
- Ef rífa á núverandi laugaraker og steypa annað með auka rými í austurenda laugarinnar, mætti byggja lyftinga- og keppnisaðstöðu þar og gilda sömu rök með samnýtingu á sturtum búningaklefum og öðru.



GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

- Með byggingu nýrrar þjóðarhalla í inni íþróttum sem á að vera tilbúin 2025, má byggja lyftinga- og keppnisaðstöðu fyrir lyftingadeildir Ármanns. Það yrði þá viðbót við þrekaðstöðu fyrir þær inni íþróttir sem nota það mannvirki.
- Verði ný þjóðarhöll að veruleika þá hefur Ármanni verið boðin Gamla Laugardalshöllin undir körfuknattleiksdeildina okkar. Þar mætti líka skoða að byggja lyftinga- og keppnisaðstöðu fyrir lyftingadeildir okkar til viðbótar við þreksal fyrir körfuknattleikinn og frjálssar íþróttir.
- Með fyrirhugaðri byggingu þjóðarleikvangs í frjálsum íþróttum má byggja lyftinga- og keppnisaðstöðu fyrir lyftingadeildir Ármanns í því mannvirki svo fremi sem sú aðstaða sé aðskilin og sérhæfð fyrir keppnisfólk í lyftingum.

Allar þessar lausnir byggja á því að sérhæfð aðstaða yrði byggð fyrir lyftingadeildir og að þetta sé ekki þrekaðstaða fyrir aðrar íþróttir. Mikill munur er að keppnisbúnaði fyrir lyftingafólk og þrektækjum fyrir aðrar íþróttir. Þessar lausnir eru allar eftir 3 til 5.ár og í millitíðinni þarf að leigja húsnæði sem uppfyllir þarfir deildanna í dag. Deildirnar missa núverandi húsnæði nú þegar farið verður í framkvæmdir og endurbætur á lauginni og þarf að hafa tímann fyrir sér í að leysa það vandamál. Auðveldast er að leigja 400 til 500 fermetra iðnaðarbil, þar sem með litlum tilkostnað má gera búningaástöðu og sturtur til bráðabirgða.

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Ármanns

Reykjavík, 27. apríl 2022.

Sent:
Glímufélagið Ármann
Kraftlyftingasamband Íslands

Kraftlyftingadeild Ármanns hefur verið hýst á lagnagangi undir innanhússundlaug Laugardalslaugar í sjö ár. Húsnæðið er ekki hannað fyrir þessa notkun og er ekki samþykkt af byggingarfulltrúa Reykjavíkur að það sé notað sem slíkt.

Brunavörnum, aðgengi og öryggiskröfum er mjög ábótavant. Þar að auki er loftræsting í rýminu aðeins ætluð til að loftræsta geymslu í stað íþróttamanna sem æfa undir álagi. Stöðugur leki er inn á ganginn og hvað eftir annað hefur flætt inn í rýmið með þeim afleiðingum að æfingar hafa stöðvast og búnaður eyðilagst.

Ítrekað hefur stjórn kraftlyftingafélagsins fengið tilkynningu frá iðkendum um að enn einu sinni hafi flætt hafi inn í æfingasalinn. Þeir sjálfbóðaliðar sem komast, fara strax í salinn til að að bjarga þeim verðmætum sem bjargað verður en þeir sem geta ekki mætt reyna að fá aðra sjálfbóðaliða í sinn stað. Stjórn og iðkendur setja það ekki fyrir sig að hlaupa til en vita jafnframt að enga hjálp er að fá frá starfsfólki Laugardalslaugar eða Ármanns.

Í hvert skipti sem flæðir inn á æfingaaðstöðuna þarf að færa til fleiri tonn af æfingabúnaði og mottum til að þurrka upp vatnið.

Það er ekki við húsnæðið sjálft að sakast. Þetta er lagnagangur í kjallara undir innlaug Laugardalslaugar sem aldrei var ætlað að hýsa fólk, hvað þá íþróttastarf. Það er hins vegar illskiljanlegt hvernig Íþróttabandalag Reykjavíkur og Reykjavíkurborg geta réttlætt að bjóða ekki upp á annað húsnæði nú eftir sjö ár. Iðkun kraftlyftinga á höfuðborgarsvæðinu verður að vera betri.

Kraftlyftingadeild Ármanns hefur sjálft lagt sig fram við að gera rýmið hvað vistlegast en getur lítið gert við sifeldum háværum dyn frá dælum laugarinnar, takmörkuðum loftgæðum vegna loftræstikerfis sem var ekki hannað í þessum tilgangi eða birtuleysi sökum fárra ljósa og engra glugga. Vegna lélegrar loftræstingar og leka er jafnframt erfitt að koma í veg fyrir rakamyndun í rýminu sem getur leitt (og hefur leitt) til myglu og annars sem getur verið skaðlegt fyrir heilsu iðkenda. Aðstaðan er fráhrindandi fyrir iðkendur jafnt nýja sem gamla.

Árið 2015, þegar kraftlyftingadeildin flutti úr sameiginlegri aðstöðu Þróttar og Ármanns, var lagnagangurinn bráðabirgðahúsnæði til eins árs. Næsta árið verður Laugardalslaug og öll aðstaða innan hennar lokað vegna viðgerða. Sú lokun á að vera frá 2023 í óákveðinn tíma. Kraftlyftingadeildin veit ekki hvar hún á að æfa á meðan. Verður deildinni fundinn annar gangur?

Í núverandi aðstæðum á afreksíþróttafólk að æfa og þjálfa fyrir mót innanlands sem og erlendis. ÍSí, ÍBR og Reykjavíkurborg eru meira en tilbúin til að hreykja sér af afrekum þessa íþróttafólks en þegar kemur að því að standa við gefin loforð um mannsæmandi æfingaaðstöðu, heyrir ekki neitt og vandinn hunsaður.

Þrátt fyrir lélega aðstöðu hefur iðkendum tekist að ná langt á heimsmælikvarða og var einn af kraftlyftingamönnum Ármanns valinn íþróttamaður ársins árið 2019 en sá hinn sami var

jafnframt valinn íþróttakarlf Reykjavíkur árin 2015, 2016, 2018 og 2019. Auk hans æfa hjá Kraftlyftingadeild Ármanns fjöldi Íslandsmetshafa og afreksíþróttafólks sem keppir reglulega erlendis fyrir hönd Íslands.

Kraftlyftingar eru íþrótt sem allir geta stundað á hvaða tíma ævinnar sem er og eru kraftlyftingar ein af bestu almenningsíþróttum sem finna má. Það er þó ekki hægt þegar aðgengi, aðstaða og öryggi er eins lélegt og boðið er upp á lagnaganginum í Laugardalslaug. Þannig geta hreyfihamlaðir og iðkendur í endurhæfingu ekki nýtt sér aðstöðuna þrátt fyrir að kraftlyftingar séu íþrótt sem iðka má með tilliti til getustigs og aldurs hvers og eins. Jafnrétti ríkir því ekki við núverandi aðstæður.

Aðstaðan gerir félaginu erfitt að halda í iðkendur. Eftir að hafa náð helstu tókum á íþróttinni, leita iðkendur frekar til líkamsræktarstöðva utan íþróttahreyfingarinnar og laga og reglna hennar, enda býðst þeim þar mun betri aðstaða. Vegna aðstöðunnar er félaginu algjörlega ómögulegt að standast þær kröfur sem afreksstefna ÍSÍ gerir enda erfitt að halda í iðkendur, viðhalda nýliðun og endurnýja hópinn. Auk þess getur félagið ekki haldið mót sjálft, heldur verður það að leita á náðir annarra félaga þegar kemur að keppnum sem deildin heldur utan um.

Í Reykjavík er engin sérhæfð aðstaða til iðkunar kraftlyftinga (ólíkt því sem þekkist hjá nágrönnum okkar Kópavogi og Garðabæ). Það verður því að teljast dapurt að fremsti keppandi kraftlyftingadeildar Ármanns og margfaldur íþróttakarlf Reykjavíkur þurfi að æfa í Kópavogi þar sem aðstaðan hentar hans iðkun og starfi.

Þó svo andinn innan kraftlyftingadeildarinnar sé góður, öflug samheldnin og mikill vinskapur og virðing, þá verður því ekki neitað að sífelldur leki, stanslaus hávaði og erfið æfingaaðstaða leikur iðkendur grátt. Þessu verður að breyta. Meðlimir Kraftlyftingadeildar Ármanns eiga það skilið.

Viðringafyllst,
Stjórn Kraftlyftingadeildar Ármanns
f.h. iðkenda Kraftlyftingadeildar